

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 13. október kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 888. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Brynja Kemp Guðnadóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Þórður Már Sigfússon, Sigríður Maack og Olga Guðrún B Sigfúsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Brautarholt 6, Breytingar 1. og 2. hæð** (01.241.204) Mál nr. BN060766
Skjalnr. 11547
Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innréttu 6 íbúðir á 2. hæð, innréttu geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 samþykkt.
- Hringbraut - Hofsvallagata,** Mál nr. SN220444
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 7868
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vegagerðarinnar dags. 12. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna breytingar á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu. Framkvæmdin felur í sér malbikun akreina að gatnamótum Nesbrautar 49-05 (hér eftir Hringbraut) og Hofsvallagötu, endurgerð miðeyju við gatnamót, lenging vinstribeygjuvasa og breytingar hægri akreinar austan megin við gatnamót og hliðfærsla akreina Hringbrautar til suðurs vegna endurgerðar miðeyju og endurgerð hluta kantsteina. Endurnýjun og breyting á gatnalýsingu ásamt umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum. Einnig er lagt fram teikningasett CSÓ ráðgjafar dags. 1. júní 2022, Útboðslýsing VSÓ ráðgjafar dags. 1. júlí 2022 og yfirlitsmyndir VSÓ ráðgjafar yfir umferðaljósaþyrtingar dags. 13. júní 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 24. ágúst 2022 til og með 21. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: 22 eigendur og íbúar við Hringbraut 52, 54, 56 og 58 dags. 20. september 2022, Bjarni Magnússon dags. 18. september 2022, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson dags. 18. september 2022, Ásthildur Garðarsdóttir dags. 19. og 20. september 2022, Nick Ward dags. 19. september 2022, Alma Dóra Ríkhardsdóttir dags. 20. september 2022, Steina Dögg Vigfúsdóttir dags. 20. september 2022, Ólöf Magnúsdóttir dags. 20. september 2022, Hrafnkell Sigurðsson dags. 20. september 2022, Magnea Steiney Þórðardóttir dags. 20. september 2022, Nick Ward og Íris Hrund Jóhannsdóttir dags. 20. september 2022, Jón Trausti Bjarnason f.h. Ísholts ehf. dags. 20. september 2022 og Kristín Róbertsdóttir f.h. stjórnar Húsfélags Alþýðu dags. 21. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

3. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á** (01.174.1) Mál nr. SN220616
deiliskipulagi Skjalnr. 5238
 Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Birkis Árnasonar dags. 29. september 2022 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðarinnar nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa vegg á 2. hæð húsanna við Hverfisgötu 98A og 100 og bæta við tveimur hæðum og risi, samkvæmt uppdr. Arkþing/Nordic ehf. dags. 13. September 2022. Einnig er lögð fram Minjastofnun Íslands dags. 10. júní 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
4. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN210692
 Skjalnr. 13910
 Maison ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Maison ehf. dags. 6. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að byggja tveggja hæða hús með þremur smáíbúðum og útisvæðum á þaki ásamt því að setja eitt yfirbyggt bílastæði á norðurhluta lóðar við Nýlendugötu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst, samkvæmt deiliskipulaguppdr. Studio Granda dags. 20. ágúst 2021, breytt 21. júní 2022. Einnig eru lagðir fram skuggavarpuppdr. dags. 20. ágúst 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 22. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hildur Eir Jónsdóttir, Jakob Anderssen, Ásthildur Kristjánsdóttir, Guðrún Olsen, Gaukur Úlfarsson, Magnús Benediktsson og Unnur Hjaltadóttir dags. 14. ágúst 2022. Einnig er lögð fram ábending Veitna dags. 4. ágúst 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
5. **Brekkustígur 9, Staekun húss og breyting** (01.134.202) Mál nr. BN057519
lóðar Skjalnr. 6440
 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík
 Icelandic Ocean ehf., Pósthólf 17, 121 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stíghús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg skv. uppdrætti dags. 8. mars 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigrún Baldvinsdóttir dags. 5. júlí 2022, Þorsteinn Geirharðsson dags. 11. júlí 2022 og Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 13. júlí 2022. Einnig eru lögð fram ítarlegri gögn Kanon arkitekta ehf. dags. 20. september 2022 vegna hækkunar húss og skuggavarfs. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2022. Jafnframt er lögð fram uppfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
6. **Suðurlandsbraut 34/Ár, Fjölbýlishús,** (01.265.201) Mál nr. BN061572
7h+kj, 70íb. - rekstr.leyfi atv.rýma ekki hluti Skjalnr.
umsóknar.
 ATH Umsókn um niðurrif BN061409
 SAFÍR byggingar ehf., Íðalind 2, 201 Kópavogur
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á staðsteyptu fjölbýlishúsi, byggingin er sjö hæðir auk kjallara með 70 íbúðum, verslun og þjónustu á 1. hæð til norðurs, í norðurhorni lóðar á A reit orkureits, matshluti nr. 02, á lóð Suðurlandsbraut 34/Ár.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

7. **Úlfarsárdalur, stígar og ofanvatnslausnir,** (02.6) Mál nr. SN220550
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 9615
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. september 2022 um framkvæmdaleyfi vegna heildarfrágangs ofanvatnstrása, gerð gangstétta og útivistarstígs í Úlfarsárdal. Einnig er lagt fram teikningasett dags. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 5. október 2022 þar sem umsókn er dregin til baka.
Erindið dregið til baka, sbr. tölvupósti skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 5. október 2022.
8. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólfrún W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð. Erindi var samþykkt í grenndarkynningu og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Birgis Haraldssonar dags. 29. júlí 2022 þar sem óskað er eftir skuggavarpi. Erindið var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022 og að nýju 8. september 2022 til og með 6. október 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Lára Guðmundsdóttir dags. 15. ágúst 2022, Alda Júlía Magnúsdóttir f.h. húsfélagsins Flókagötu 58 dags. 15. ágúst 2022, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, og fh. Bogi Brynjar Björnsson og Guðrún Jórunn Kristinsdóttir dags. 16. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Vínlandsleið 12-14, breyting á deiliskipulagi** (04.111.601) Mál nr. SN220556
Skjalnr. 10148
Vínlandsleið ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram umsókn Vínlandsleiðar ehf. dags. 12. september 2022 um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, athafnasvæðis vegna lóðarinnar nr. 12-14 við Vínlandsleið. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er reitur fyrir reiðhjólaskýli á núverandi bílastæði á sunnanverðri lóðinni, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta dags. 12. september 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.
10. **Arnarhlíð 2, (fsp) nýting atvinnurýma á 1. hæð** (01.629.5) Mál nr. SN220632
Skjalnr. 14654
NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn NH eigna ehf. dags. 28. september 2022 ásamt greinargerð ALARK arkitekta f.h. NF eigna ehf. dags. 27. september 2022 um tvær hugsanlegar lausnir að nýtingu atvinnurýma á 1. hæð hússins á lóð nr. 2 við Arnarhlíð. Annars vegar gerð 10 íbúðareininga, þrjár sem snúa að Smyrilshlíð og sjö sem snúa að Arnarhlíð, ásamt hugsanlegri nýtingu húshorna fyrir aðra starfsemi t.d. verslun og kaffihús í bland við hótélstarfsemi. Hins vegar 100% nýtingu atvinnurýmis undir íbúðahótel þar sem gert væri ráð fyrir 17 íbúðareiningum í rýminu, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 27. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

11. **Ásvallagata 21, Breytingar á BN033899 -** (11.622.08) Mál nr. BN061410
Stofn Skjalnr. 6122
Breytingar á BN052739
Örvar Eyjólfsson, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899 m.s.br., salerni breytt í geymslu, svalir stækkaðar, þak hækkað, fallið frá hallandi þakhluta meðfram útvegg aðliggjandi nággranna nr. 19 við Ásvallagötu og frágangur þaks við lóðarmörk húss á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Brekknáás 2, Fjölbýlishús** (04.72) Mál nr. BN061534
Skjalnr.
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
13. **Brekknáás 4, Fjölbýlishús** (04.72) Mál nr. BN061535
Skjalnr.
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
14. **Brekknáás 8, Fjölbýlishús** (04.76) Mál nr. BN061536
Skjalnr.
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
15. **Drafnarstígur 5, Bygging garðskála** (11.342.14) Mál nr. BN061176
Skjalnr. 6192
Pre ehf, Drafnarstíg 5, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála á austurhlíð, stækka anddyri, ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum kjallara og öðrum breytingum á einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Drafnarstíg. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 12. september 2022 til og með 10. október 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

16. **Funahöfði 19, Dúkhús** (04.061.002) Mál nr. BN061446
Skjalnr. 6612
Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa skýli, nýjan matshluta ætlaðan efnismóttöku, pökkun og frágang, burðarvirki úr stáli, fest í steipt ankeri grafin í jörð, klætt dúk, haldið frostfríu með hitablásurum, staðsett í inngarði við hús á lóð nr. 19 við Funahöfða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022 samþykkt.
17. **Hjallavegur 16, Bílskúr** (13.531.14) Mál nr. BN061509
Skjalnr. 11452
Eysteinn Þór Br Steinólfsson, Hjallavegur 16, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, steinsteyptur og járnþentur, einangraðan að innan með léttbyggðu einhalla timburþaki í sunnanverðu horni lóðar húss á lóð nr. 16 við Hjallaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022 samþykkt. Breyta þarf deiliskipulagi.
18. **Laugavegur 54B, (fsp) hækkun húss** (01.173.1) Mál nr. SN220530
Skjalnr. 14309
Eysteinn Már Sigurðsson, Hverfisgata 104A, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Eysteins Márs Sigurðssonar, dags. 27. ágúst 2022, um hækkun hússins á lóð nr. 54B við Laugaveg, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022 samþykkt.
19. **Njarðargata 45, Endurnýjun á erindi sem fallið er úr gildi, breytt notkun í gistiheimili og setja svalir á norðurhlið** (01.186.605) Mál nr. BN061416
Skjalnr. 12881
Spur ehf., Freyjugötu 24, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skráðri notkun úr fjölbýli í gistiheimili í flokki II, tegund (?) fyrir 16 gesti, setja svalir á 2. og 3. hæð norðurhliðar á húsi á lóð nr. 45 við Njarðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022.
20. **Reykjafold 9, (fsp) stækkun á bílskúr** (02.870.3) Mál nr. SN220637
Skjalnr. 14717
Lárus Steinar Karlsson, Reykjafold 9, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Lárusar Steinars Karlssonar dags. 7. október 2022 ásamt bréfi dags. 7. október 2022 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 9 við Reykjafold til auð austurs, samkvæmt uppr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 7. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

21. **Kleifarvegur 12, Breytingar kjallara - garðskáli 1.hæð** (01.380.402) Mál nr. BN061567
Skjalnr. 14374
Arnbór Guðlaugsson, Kleifarvegur 12, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta kjallara, þ.e. baðherbergi stækkað, reistur nýr garðskáli við suðvesturhorn íbúðar og komið fyrir nýrri hurð á útvegg að garðskála í húsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Kópavogur og Mosfellsbær, deiliskipulag Suðurlandsvegur** Mál nr. SN220575
Skjalnr. 8439
Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 31. ágúst 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um tillögu að nýju deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Suðurlandsvegur frá Geithálsi vestan Hólmsár í Mosfellsbæ að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegur, austan Lögbergsbrekku. Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi Suðurlandsvegur verði breikkaður til norðurs og verði samfelldur stofnvegur með tveimur akreinum í hvora akstursstefnu. Gert er ráð fyrir vegamótum við Geirland ásamt hliðarvegum/tengivegum í Lækjarbotnum, Gunnarshólma og Geirlandi. Markmið deiliskipulagsins er að auka þjónustustig samgangna á svæðinu og bæta umferðaröryggi. Kynningartíma lýkur kl. 13:00 þann 14. október nk. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2022 samþykkt.
23. **Sólbrekka, (fsp) gerð deiliskipulags** (04.73) Mál nr. SN220560
Skjalnr. 14703
Gísli Fannberg, Aragata 11, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Gísla Fannbergs, dags. 13. september 2022, um gerð deiliskipulags fyrir lóðina að Sólbrekku við Norðlingabraut. Einnig er lagt fram bréf Þuríðar Rúrí Fannbergs og Gísla Fannbergs f.h. lóðareigenda dags. 9. september 2022 og ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
24. **Víðinesvegur 22, ósk um umsögn um starfsleyfi** (36.285.501) Mál nr. SN220619
Skjalnr. 14509
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 30. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Björgunar ehf. um starfsleyfi fyrir malar og sandvinnslu, vélsmíði og vélaviðgerðir og olúgeymi til eigin nota að Víðinesvegi 22 í Álfsnesi. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og gildistíma starfsleyfis en alla jafna gefur Heilbrigðiseftirlitið út starfsleyfi til 12 ára. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022 samþykkt.

25. **Hraunteigur 30, breyting á deiliskipulagi** (01.361.1) Mál nr. SN220591
Skjalnr. 11219
Grímur Ólafur Eiríksson, Chile,
Lögð fram umsókn Gríms Ólafs Eiríkssonar dags. 23. september 2022 ásamt bréfi dags. um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 30 við Hraunteig. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa niður núverandi bílskúr á lóð og byggja þess í stað tvöfalda bílskúr, samkvæmt uppdr. Mannvirkjameistarans ehf. dags. 20. september 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.
26. **Korngarðar 13, breyting á deiliskipulagi** (01.331.6) Mál nr. SN210747
Skjalnr. 14575
Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 3. nóvember 2021 ásamt greinargerð dags. 3. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 13 við Korngarða. Í breytingunni felst að legu byggingarreita er breytt ásamt því að breytt er nýtingarhlutfall fyrir millipalla úr 0,1 í 0,4, samkvæmt uppdr. DAP ehf. dags. 15. mars 2022, br. 12. október 2022. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna sf. dags. 25. október 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 16. júní 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: ARTA lögmanna f.h. Fóðurbliðndunnar hf. dags. 27. maí 2022 og Faxaflóahafnir dags. 3. júní 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 15. júní 2022. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var umsækjanda bent á að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022 sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
27. **Úlfarsbraut 122-124, 122 - Viðbygging ofan** (05.055.701) Mál nr. BN061566
á dæluhús Skjalnr. 12583
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056451, þannig að byggt er þak ofan á dæluhús og fréttamannaskýli að hluta auk þess sem mhl. nr. 2 er breytt í mhl. nr.3, í húsinu á lóð nr. 124 við Úlfarsbraut.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Grensásvegur 3-7, (fsp) breyting á** (01.461.0) Mál nr. SN220125
deiliskipulagi Skjalnr. 7935
Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Húsfélagið Grensásvegi 5, Grensásvegi 5, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 24. febrúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skeifunnar vegna lóðarinnar nr. 3-7 við Grensásveg sem felst í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á lóð í samræmi við rammaskipulag, samkvæmt tillögu Krads ehf. dags. 15. febrúar 2022. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Jafnframt var lögð fram að nýju ásamt uppfærðri tillögu Krads ehf. dags. 27. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022 samþykkt.

29. **Sigtún 51, (fsp) - Færsla svalaveggjar** (01.365.211) Mál nr. BN061575
Skjalnr. 14709
Hrund Þórarins Ingudóttir, Sigtún 51, 105 Reykjavík
Páll Skaftason, Sigtún 51, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem spurt er um leyfi til að fjarlægja og endurbyggja núverandi svalavegg vegna leka, stækka svalir út fyrir útvegg, setja létt svalahandrið í stað þess sem fyrir er á húsi á lóð nr. 51 við Sigtún. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2022 samþykkt.
30. **Álfsnes, ósk um umsögn vegna starfsleyfis** (36.2) Mál nr. SN220611
Skjalnr. 10252
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Skotveiðifélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um umsóknina hvað varðar samræmi starfseminnar við skipulag og gildistíma starfsleyfis. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 samþykkt.
31. **Gufunes áfangi 1, Jöfursbás 11, (fsp)** (02.2) Mál nr. SN220411
Skjalnr. 7808
breyting á deiliskipulagi
Baldvin Árnason, Jöfursbás 11C, 112 Reykjavík
Jöfursbás 11, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Baldvins Árnasonar dags. 23. júní 2022 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás sem felst í fjölgun bílastæða. Einnig er lögð fram greinargerð Húsfélagsins að Jöfursbási 11 dags. 23. júní 2022 og bréf Húsfélagsins að Jöfursbási 11 dags. 23. júní 2022. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. október 2022 samþykkt.
32. **Gufunes, Skemmtigarður, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN220534
Skjalnr. 7808
Skemmtigarðurinn ehf., Engihjalla 8, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram umsókn Skemmtigarðsins ehf. dags. 31. ágúst 2022, ásamt bréfi Eflu dags. 15. ágúst 2022 um breytingu á deiliskipulagi fyrir Skemmtigarðinn í Gufunesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir/afmarkaðir eru lóðarreitir fyrir þá starfsemi sem nú er til staðar, samkvæmt uppd. Eflu verkfræðistofu dags. 11. október 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

33. **Nauthólsvegur 79 og 81, framkvæmdaleyfi** (01.754.201) Mál nr. SN220578
Skjalnr.
- Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda- og viðhalds dags. 15. september 2022 um framkvæmdaleyfi vegna færslu lagna út fyrir lóðarmörk lóðanna nr. 79 og 81 við Nauthólsveg. Einnig er lagt fram teikningasett dags í júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
34. **Skógarvegur, framkvæmdaleyfi** (01.79) Mál nr. SN220609
Skjalnr. 14712
- Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. september 2022, um framkvæmdaleyfi fyrir gerð malbikaðra stíga og steyptra stétta að Skógarvegi og niður að Lautarvegi ásamt frágangi á grassvæðum umhverfis framkvæmdasvæði. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd Eflu, dags. 22. september 2022, sem sýnir yfirborðsfrágang. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
35. **Úlfarsfell II, Gróðurhús** (02.6) Mál nr. BN061569
Skjalnr. 8533
- TBA Heimilislækningar ehf, Pósthólf 39, 202 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa gróðurhús að bænum Úlfarsfelli, L 208499, á lóð Úlfarsfell II.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Grundarstígur 23, (fsp) svalalokun** (01.184.3) Mál nr. SN220630
Skjalnr. 14715
- Sigrún Gunnlaugsdóttir, Grundarstígur 23, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigrúnar Gunnlaugsdóttur dags. 29. september 2022 um að loka svölum íbúar merkt 01020 í húsinu á lóð nr. 23 við Grundarstíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Blönduhlíð 17, Áður gerðar breytingar og Stækkun kvista - svalir - 0301** (01.713.013) Mál nr. BN061319
Skjalnr. 14630
- S-50 ehf., Blönduhlíð 17, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvisti, koma fyrir nýjum svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0301 í húsi á lóð nr. 17 við Blönduhlíð. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 12. september 2022 til og með 10. október 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

38. **Hlíðargerði 6, Sólskáli ofan á sólpall** (01.815.303) Mál nr. BN061466
Skjalnr. 12555
Agnar Þór Gunnlaugsson, Hlíðargerði 6, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja léttu timburbyggingu, sólstofu, byggða ofan á timburverönd austan við hús á lóð nr. 6 við Hlíðargerði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2022 samþykkt.
39. **Laugavegur 12B og 16, breyting á** (01.171.4) Mál nr. SN220565
Skjalnr. 10422
deiliskipulagi
Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn Batterísins ehf. dags. 14. september 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4 vegna lóðarinnar nr. 12B og 16 við Laugarveg. Í breytingunni sem lögð er lagt til að sameina lóðirnar í eina lóð þ.e. Laugaveg 14-16, samkvæmt uppdr. Batterísins dags. 25. ágúst 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:05.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir